

Alþingi
Erindi nr. P 136/1488
komudagur 26. 3. 2009



Heimill og skóli
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2009

Umögn um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjöf. Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra óska eftir að koma eftirfarandi á framfæri:

Heimili og skóli fagna frumvarpi til laga um náms- og starfsráðgjöf. Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um náms- og starfsráðgjöf verði tekin upp í löggjöf um grunnskóla og framhaldsskóla. Með þeim hætti er tryggt að einungis þeir sem uppfylla lagaskilyrði eigi kost á að sinna náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum landsins. Með þessari breytingu er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum þeirra sem þjónustuna þiggja og tryggja að sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið. Landssamtökin fagna því að sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa geti í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Með lögvernduninni er unnið að hag nemend og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar.

F.h. Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra

Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri
Sjöfn Þórðardóttir, formaður